# Sparisjóður Suður-Þingeyinga

## Ársreikningur
## 2007

Sparisjóður Suður-Þingeyinga
Kjarna
650 Laugar

Kt. 530990-2149

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ............................... 4

Rekstrarreikningur .............................................. 5

Efnahagsreikningur .......................................... 6

Sjóðstreymisyfirlit ........................................... 8

Skýringar ......................................................... 9

# Skýrsla og undirritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2007 að fjárhæð 20,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 433,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálastofnanir er 9,4% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sparisjóðsins leggur til að greiddur verði 10% arður á árinu 2008 vegna ársins 2007. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5,0%. Vísað er til ársreikningsins um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfé sparisjóðsins nam 6,4 millj. kr. í árslok 2007 og er í eigu 255 stofnfjáraðila og áttu tveir aðilar yfir 5% eignarhlut í sparisjóðnum en það eru:

| | |
|---|---|
| Sparisjóður Mýrasýslu ........................................................................................................... | 12,6% |
| Sparisjóður Bolungarvíkur ..................................................................................................... | 9,4% |

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Laugum 31. mars 2008.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga

Ari Teitsson
formaður

Sigtryggur Vagnsson

Þórhallur Hermannsson

Dagur Jóhannesson

Björn G. Yngvason

Guðmundur E. Lárusson
Sparisjóðsstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Suður-Þingeyinga

**Inngangur**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi lög um ársreikninga

Akureyri 31. mars 2008.

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 30.090.301 | 11.805.779 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 286.880.392 | 241.183.923 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 0 | 1.603.463 |
| | 4 | 316.970.693 | 254.593.165 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 374.812 | 1.015.868 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 211.845.164 | 151.006.156 |
| | 4 | 212.219.976 | 152.022.024 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 104.750.717 | 102.571.141 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 5 | 22.450.476 | 73.078.441 |
| Þjónustutekjur | 6,15 | 36.270.280 | 34.256.827 |
| Þjónustugjöld | | ( 5.937.125 ) | ( 7.346.921 ) |
| Gengishagnaður | 16 | 2.950.888 | 11.300.530 |
| Ýmsar rekstrartekjur | | 2.244.187 | 2.138.989 |
| | | 57.978.706 | 113.427.866 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 162.729.423 | 215.999.007 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 17,18 | 56.411.675 | 56.413.215 |
| Annar almennur rekstrarkostnaður | | 66.112.516 | 63.672.043 |
| Afskriftir | 12,31 | 1.121.823 | 1.290.032 |
| | | 123.646.014 | 121.375.290 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 9,27 | ( 15.010.037 ) | ( 18.766.317 ) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 24.073.372 | 75.857.400 |
| Tekjuskattur | 36 | ( 4.070.533 ) | ( 13.743.604 ) |
| **Hagnaður ársins** | 37 | 20.002.839 | 62.113.796 |

# Efnahagsreikningur

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir:** | | | |
| Sjóður ........................................ | | 7.929.209 | 10.641.259 |
| Kröfur á lánastofnanir ........................................ | 7,21 | 310.138.729 | 228.707.122 |
| | | 318.067.938 | 239.348.381 |
| **Útlán:** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna ........................................ | 8-9 | 2.056.958.278 | 1.754.522.928 |
| Fullnustueignir ........................................ | 10 | 49.000.000 | 49.000.000 |
| | 22-27 | 2.105.958.278 | 1.803.522.928 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | | | |
| Skuldabréf og verðbréf með föstum tekjur ........................................ | 11,28 | 65.096.078 | 64.859.981 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum ........................................ | | 167.600.776 | 81.680.472 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum ........................................ | 11,29 | 184.551.026 | 162.383.386 |
| | | 417.247.880 | 308.923.839 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir ........................................ | 12,31 | 42.648.543 | 38.475.896 |
| Ýmsar eignir ........................................ | | 1.089.570 | 21.704.026 |
| Áfallnar tekjur ........................................ | | 1.408.903 | 1.601.678 |
| | | 45.147.016 | 61.781.600 |
| **Eignir samtals** | | 2.886.421.112 | 2.413.576.748 |

# 31. desember 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir við lánastofnanir** | | 72.201.533 | 55.618.453 |
| **Innlán:** | | | |
| Óbundin innlán | | 1.360.642.140 | 1.163.591.576 |
| Bundin innlán | 35 | 934.538.485 | 699.939.801 |
| | | 2.295.180.625 | 1.863.531.377 |
| **Aðrar skuldir:** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 26.910.122 | 22.586.849 |
| Áfallin gjöld | | 9.486.293 | 12.853.998 |
| | | 36.396.415 | 35.440.847 |
| **Tekjuskattsskuldbinding** | 36 | 49.238.369 | 45.167.836 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Stofnfé | 37-38 | 6.410.815 | 5.260.292 |
| Varasjóður | | 426.993.355 | 408.557.943 |
| | | 433.404.170 | 413.818.235 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 2.886.421.112 | 2.413.576.748 |

## Utan efnahagsreiknings:

| | Skýr. |
|---|---|
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 39 |
| Aðrar skuldbindingar | 40 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | 37 | 20.002.839 | 62.113.796 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur og gengismunur | | ( 30.362.408 ) | ( 38.917.733 ) |
| Tekjur af hlutdeildarfélögum | | ( 21.008.000 ) | ( 72.546.593 ) |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 27 | 15.010.037 | 18.766.317 |
| Tekjuskattur | 36 | 4.070.533 | 13.743.604 |
| Aðrir liðir | | 885.726 | 1.290.032 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skulum | | ( 3.174.930 ) | 2.278.966 |
| | | ( 14.576.203 ) | ( 13.271.611 ) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Kröfur á aðrar lánastofnanir | | ( 188.372 ) | ( 3.895.867 ) |
| Útlán, breyting | | ( 236.953.941 ) | ( 275.111.214 ) |
| Veltuhlutabréf, breyting | | 0 | ( 4.322.752 ) |
| Fjárfestingarhlutabréf, breyting | | ( 87.079.944 ) | 158.067.023 |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | | ( 5.294.470 ) | 0 |
| Ýmsar eignir, breyting | | 20.614.456 | ( 20.346.142 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 308.902.271 ) | ( 145.608.952 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 16.583.080 | 43.277.900 |
| Innlán, breyting | | 381.520.210 | 227.134.539 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 4.323.273 | 13.350.208 |
| Innborgað stofnfé | 37 | 141.694 | 78.870 |
| Arður af stofnfé | 37 | ( 558.598 ) | ( 492.997 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 402.009.659 | 283.348.520 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 78.531.185 | 124.467.957 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 213.705.632 | 89.237.675 |
| **Handbært fé í árslok** | 14 | 292.236.817 | 213.705.632 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2007.

### *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### *Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum*

5. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

### *Þjónustutekjur*

6. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikningi sjóðsins þegar þær verða til.

### *Víkjandi kröfur*

7. Sparisjóðurinn hefur tekið við skuldabréfum í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Krafa samkvæmt skuldabréfum þessum víkja fyrir öllum öðrum kröfum á hendur útgefanda. Krafan er færð til eignar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok 2007 meðal krafna á lánastofnanir. Verðtryggðar kröfur eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2008.

### *Útlán*

8. Útlán til viðskiptamanna eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2008 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2007.

9. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

10. Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði, eða kostnaðarverði eftir því hvort er lægra, í ársreikning sparisjóðsins.

### *Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum*

11. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

    Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

### *Rekstrarfjármunir*

12. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Húseign ........................................................................................................................ | 50 ár |
| Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og bifreiðar ................................................................................... | 5-10 ár |

### *Tekjuskattsskuldbinding*

13. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er það í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri og í ársreikningi.

### *Handbært fé*

14. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 292,2 millj. kr. í árslok 2007.

## Aðrar rekstrartekjur

15. Þjónustutekjur sundurliðast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Ábyrgðarþóknun | 679 | 417 |
| Aðrar þjónustutekjur | 35.591 | 33.840 |
| Samtals | 36.270 | 34.257 |

16. Gengishagnaður sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf | 2.636 | 10.172 |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | 315 | 1.129 |
| Samtals | 2.951 | 11.301 |

## Starfsmannamál

17. Starfsmannagjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 12 | 12 |
| Stöðugildi í árslok | 11 | 11 |

18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 47.469 | 46.139 |
| Launatengd gjöld | 8.943 | 10.274 |
| Laun og launatengd gjöld | 56.412 | 56.413 |

19. Laun og þóknanir til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Sparisjóðsstjóri | 9.404 | 9.657 |
| Stjórnarformaður | 570 | 570 |
| Aðrir stjórnarmenn (4) | 1.140 | 1.036 |
| | 11.114 | 11.263 |

Sparisjóðurinn hefur ekki veitt stjórnarmönnum lán en lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna eru ekki meðtalin.

## Þóknun endurskoðenda

20. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 1.562 | 1.567 |
| Könnun árshlutareiknings | 650 | 839 |
| Önnur þjónusta | 380 | 186 |
| Samtals | 2.592 | 2.592 |

## Kröfur á lánastofnanir

21. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 284.308 | 203.064 |
| 3 mánuðir og allt að 1 ár | 69 | 57 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 2.701 | 1.847 |
| Yfir 5 ár | 1.811 | 2.489 |
| Bundnar kröfur Icebank skv. reglum um bindiskyldu | 21.250 | 21.250 |
| Samtals | 310.139 | 228.707 |

## Útlán

22. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformunum:

| | | |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 490.902 | 432.706 |
| Víxlar | 239 | 2.849 |
| Skuldabréf | 1.565.817 | 1.318.968 |
| Samtals | 2.056.958 | 1.754.523 |

23. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög | 0,4% | 0,2% |
| Atvinnugreinar: | | |
| Landbúnaður | 4,7% | 5,1% |
| Sjávarútvegur | 2,9% | 2,7% |
| Verslun | 3,6% | 5,0% |
| Iðnaður og verktakar | 6,8% | 5,9% |
| Þjónusta | 13,9% | 17,3% |
| Einstaklingar | 67,6% | 63,5% |
| Annað | 0,1% | 0,3% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% |

24. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 38.208 | 17.261 |
| Allt að 3 mánuðir | 449.153 | 401.576 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 153.256 | 142.057 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 505.244 | 433.083 |
| Yfir 5 ár | 911.097 | 760.546 |
| Samtals | 2.056.958 | 1.754.523 |

25. Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu markaðsvirði og nemur verðmæti þeirra 49,0 millj. kr. í árslok.

26. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í árslok 2007 greinist þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir ...................................... | 48.315 | 44.170 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána ...................................... | ( 48.315) | ( 44.170) |
| Önnur vaxtafryst útlán ...................................... | 52.408 | 35.268 |
| Óvaxtaberandi útlán samtals ...................................... | 52.408 | 35.268 |

27. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

| | Afskriftareikningur | | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|---|
| | Sérstakur | Almennur | Samtals | Samtals |
| Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun .......... | 44.170 | 37.208 | 81.378 | 72.844 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu .............. | 10.651 | 4.359 | 15.010 | 18.766 |
| Endanlega töpuð útlán ................................ | ( 6.507) | | ( 6.507) | ( 10.232) |
| Afskriftareikningur útlána í árslok 2007 ...... | 48.314 | 41.567 | 89.881 | 81.378 |

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum ......... | 4,0% | 4,3% |

## Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

28. Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | |
| Skráð í Kauphöll Íslands ...................................... | 35.933 | 35.933 |
| Fjárfestingarskuldabréf: | | |
| Óskráð skuldabréf ...................................... | | 29.163 |
| Samtals | | 65.096 |

29. Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum greinast þannig:

Eignarhlutir í fjármálastofnunum og öðrum félögum greinast þannig:

| | Nafnverð/ hlutir | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Saga Capital hf. ...................................... | 35.000 | 52.500 |
| VBS fjárfestingarbanki ...................................... | 5.007 | 51.923 |
| Sparisjóður Vestfirðinga, Þingeyri ...................................... | 23.155 | 24.134 |
| FSP holding ...................................... | - | 12.573 |
| Grand hótel Mývatn ehf., Skútustaðahreppi ...................................... | 14.000 | 10.000 |
| SP-Fjármögnun hf., Reykjavík ...................................... | 3.762 | 5.943 |
| Greiðslumiðlun hf., Reykjavík ...................................... | 1.576 | 2.328 |
| Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf., Reykjavík ...................................... | 1.257 | 1.823 |
| Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík ...................................... | 3 | 2.540 |
| Creditinfo Group hf., Reykjavík ...................................... | 288 | 1.214 |
| Kjarni ehf., Laugum ...................................... | 1.000 | 1.000 |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf., Húsavík ...................................... | 100 | 100 |
| Fjölgreiðslumiðlun hf. ...................................... | 24 | 24 |
| Smárahúsið ehf., Kópavogi ...................................... | 190 | 1.499 |

| |
|---|
| 167.601 |

30. Hlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignar-hlutur | Afkomu-hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hlutir í lánastofnunum: | | | | |
| Icebank hf., Reykjavík ............................. | 1,3% | 21.008 | 14.854 | 177.376 |
| Hlutir í öðrum félögum: | | | | |
| Reiknistofa bankanna, Reykjavík .............. | 1,3% | 0 | 2.428 | 4.110 |
| Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi ... | 1,1% | 0 | 2.895 | 3.065 |
| | | 0 | | 7.175 |
| Hlutdeildarfélög alls .................................. | | 21.008 | | 184.551 |

31. Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Húseignir og lóðir | Húsbúnaður og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2007 .......................................................... | 52.250 | 11.957 | 64.207 |
| Afskrifað áður ...................................................................... | ( 16.708) | ( 9.023) | ( 25.731) |
| Bókfært verð 1.1.2007 ........................................................ | 35.542 | 2.934 | 38.476 |
| Viðbót á árinu ...................................................................... | 17.000 | 1.295 | 18.295 |
| Selt á tímabilinu .................................................................. | ( 13.000) | 0 | ( 13.000) |
| Afskrifað á árinu ................................................................. | ( 785) | ( 337) | ( 1.122) |
| Bókfært verð 31.12.2007 .................................................... | 38.757 | 3.892 | 42.649 |
| Heildarverð 31.12.2007 ...................................................... | 56.250 | 13.252 | 69.502 |
| Afskrifað samtals 31.12.2007 .............................................. | ( 17.493) | ( 9.360) | ( 26.853) |
| Bókfært verð 31.12.2007 .................................................... | 38.757 | 3.892 | 42.649 |
| Afskriftarhlutföll ................................................................. | 2% | 10-20% | |

### *Fasteignamat og vátryggingaverð*

32. Fasteignamat húseigna sparisjóðsins í árslok 2007 nam 25,5 millj. kr. og lóða 1,7 millj. kr. eða samtals 27,2 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 96,3 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar var 35,9 millj. kr. í árslok.

## Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

33. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 1.509,1 millj. kr. í árslok 2007 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 698,7 millj. kr.

34. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 69,5 millj. kr. í árslok 2007 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 64,1 millj. kr.

## Innlán

35. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 397.130 | 219.085 |
| Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári | 113.766 | 90.223 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 339.557 | 324.330 |
| 5 ár og síðar | 84.086 | 66.302 |
| Samtals | 934.539 | 699.940 |

## Tekjuskattsskuldbinding

36. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 45.168 |
| Tekjuskattur ársins | 4.071 |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 49.239 |

Tekjuskattsskuldbinding sparisjóðsins skiptist þannig:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutir í félögum | 50.242 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | ( 305) |
| Yfirfæranlegt tap | ( 698) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 49.239 |

## Eigið fé

37. Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2007 | 5.259 | 408.559 | 413.818 |
| Innborgað stofnfé | 142 | | 142 |
| Hagnaður ársins | | 20.003 | 20.003 |
| Greiddur arður | | ( 559) | ( 559) |
| Endurmat | 1.009 | ( 1.009) | |
| Eigið fé 31.12.2007 | 6.410 | 426.994 | 433.404 |

38. Eigið fé í árslok 2007 nemur 433,4 millj. kr. eða 14,7% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, að viðbættum ábyrgðum utan efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 9,4%, en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

| | Bókfærð staða | Vegin staða 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| Áhættugrunnur: | | | |
| Bókfærðar eignir | 2.886.421 | 2.157.283 | 1.740.452 |
| Eignir til frádráttar | | (247.052) | (105.142) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | | 65.734 | 62.915 |
| Áhættugrunnur samtals | | 1.975.965 | 1.698.225 |
| Eigið fé: | | | |
| Eiginfjárþáttur A: | | | |
| Bókfært eigið fé | | 433.404 | 413.848 |
| Eignarhlutir í fjármálastofnunum | | (247.052) | (105.142) |
| Eigið fé samtals | | 186.352 | 308.706 |
| Eiginfjárhlutfall | | 9,4% | 16,8% |

## Skuldbindingar utan efnahags

39. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar skuldbindingar greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 63.844 | 62.915 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 146.885 | 163.523 |

40. Með lögum nr. 98/1998 var stofnaður Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Samkvæmt lögum sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir hans nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Ekki hvílir á sparisjóðnum skuldbinding vegna þessa í árslok 2007.